

15.apríl  
2021



# Kröfur móta 2020-2021

HÓPFIMLEIKAR



## Keppnisfyrirkomulag

Breytingar hafa verið gerðar á reglum og undanþágum. Þjálfarar og félag eru því beðin um að kynna sér móta- og keppnisfyrirkomulagið vel, auk keppnisreglna í hópfimleikum.

Keppt verður eftir Code of Points, útgáfu 2017, revision june 2019, með íslenskum undanþágum.

## Mótayfyrirkomulag

Mót	Mfl.	1.fl.	2.fl.	3.fl.	4.fl.	5. fl.	KKe	Kky
<b>Bikarmót I</b>				<b>X</b>	<b>X</b>	<b>X</b>		<b>X</b>
<b>GK mót</b>	<b>X</b>	<b>X</b>	<b>X</b>				<b>X</b>	
<b>Bikarmót II</b>	<b>X</b>	<b>X</b>	<b>X</b>				<b>X</b>	
<b>Vormót</b>	<b>B</b>	<b>B</b>	<b>B+C</b>	<b>B+C</b>	<b>B+C</b>	<b>B+C</b>	<b>B+C</b>	<b>B+C</b>
<b>Íslandsmót</b>	<b>A</b>	<b>A</b>	<b>A</b>	<b>A</b>	<b>A</b>	<b>A</b>	<b>A</b>	<b>A</b>

## Aldursflokkar

Eftirfarandi aldersflokkar gilda fyrir keppnistímabilið 2020-2021.

Meistaraflokkur	2003 og eldri
1.flokkur	2004 - 2008
2.flokkur	2006 – 2007
3.flokkur	2008 – 2009
4.flokkur	2010 – 2011
5.flokkur	2012
KK yngri	2009 - 2012
KK eldri	2006 – 2009

## Verðlaun

- Veittar er medaljur fyrir samanlögð stig á öllum mótum.
- Verðlaun eru veitt skv þessu fyrirkomulagi:
  - 1 – 4 lið skráð – Verðlaun veitt fyrir 1. sæti
  - 5 – 9 lið skráð – Verðlaun veitt fyrir 1. – 3. sæti
  - 10 lið + skráð – Verðlaun veitt fyrir 1. – 5. sæti
- Á GK móti / Bikarmóti I eru veitt verðlaun fyrir 1. – 5. sæti í hverjum flokki, séu lið fleiri en 10, eftir að úrslit eru ljós er raðað í deildir fyrir næsta mót.



- Á Íslands - og Bikarmóti eru veittir bikarar fyrir samanlagðan árangur í öllum kynjaflokkum.
- Í meistaraflokki eru krýndir Íslandsmeistarar á einstökum áhöldum.
- Einungis lið sem keppa á öllum áhöldum geta unnið til verðlauna í samanlögðum stigum.

## NM seniora

- Þar sem Norðurlandamót fullorðinna var fellt niður er engin úrtaka fyrir það.

## Hámarksfjöldi þjálfara á mótum

Heimilt er að hafa **3** þjálfara á keppnissvæði í öllum flokkum með hverju liði. Allir þjálfarar þurfa að vera skráðir í leyfiskerfi FSÍ og geta sýnt fram á gilt og vídeigandi þjálfaraskírteini á mótstað.

## Leyfi fyrir þreföldum heljarstökkum

Skv. Reglum UEG eru þreföld heljarstökk ekki leyfileg án skriflegs leyfis frá fimleikasambandi hvers lands. Á mótum vetrarins verða gerðar kröfur um skrifleg leyfi frá FSÍ fyrir þreföldum heljarstökkum, hvort sem er á dýnu, trampólíni eða hesti. Skylda er að sækja um þetta leyfi með sérstöku leyfisbréfi frá FSÍ, en reglur um leyfið má finna á heimasíðu fimleikasambandsins.

## Kröfur um keppnisnúmer

Ef keppendur í meistaraflokki og 1. flokki (A og B deildir) eru ekki með keppnisnúmer á keppnisbúningum sínum í keppni, kemur til yfirdómarafrádráttar fyrir að vera ekki í fatnaði samkvæmt reglum. Reglur um keppnisnúmer á Íslandi má finna á heimasíðu fimleikasambandsins. Aðrir flokkar þurfa ekki að hafa keppnisnúmer og fá undanþágu frá CoP. Þó er ekki veittur frádráttur fyrir yngri flokka sem hafa númerin, hvort sem það er hluti af liðinu eða allt liðið.